HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðabær • Hafnarfjörður • Kópavogur
Mosfellsbær • Seltjarnarnes

Kópavogsbær
https://skipulagsgatt.is/issues/427

Kópavogur, 18. september 2023
Tilvísun: K-18621

Efni: Brú yfir Fossvog

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að lega landfyllingar, akbrautar, göngu- og hjólastíga, áningastaða, biðstöðva fyrir almenningsvagna er uppfærð í samræmi við þá hönnun sem liggur fyrir. Deiliskipulagsmörk breytast til að rúma eftirfarandi atriði að fullu innan deiliskipulagsins: legu akbrautar, stíga, yfirborðs landfyllingar og frágang á grjótgarði. Einnig er skilgreind staðsetning háspennustrengs og varúðarsvæði hans í landi Kópavogs. Samhliða er kynnt tillaga að breyttu deiliskipulagi Kársneshafnar, Vesturvör 38A og 38B.

Umsögn heilbrigðiseftirlitsins (HEF) um tillögu að breytingu á deiliskipulagi.

> *HEF vill benda á að það hefur orðið vart við staðbundna mengun á uppfyllingu á skipulagssvæði brúar yfir Fossvog. HEF vill leggja áherslu á að við uppgröft á svæðinu skal fjarlægja malbik og annað sýnilegt rusl og sorp sem kemur upp og farga því á viðeigandi hátt og gera grein fyrir því gagnvart heilbrigðiseftirliti. Gera þarf heilbrigðiseftirliti viðvart ef komið er niður á slíkt efni við uppgröftinn.*
> *Miðað við núverandi deiliskipulag um leyfilega umferð á brú er ólíklegt að hljóðvist frá umferð verði vandamál í nærliggjandi byggð. Við deilihönnun brúar þarf þó að huga að mögulegum hljóðáhrifum af brú vegna vinds sem blæs í gegnum hana. Þekkt er að klæðningar á brúm geta valdið flautuáhrifum í ákveðnum vindáttum við ákveðin vindstyrk.*

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins
Árni Davíðsson
Deildarstjóri hollustueftirlits

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026